

ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI  
THE NATIONAL SPIRITUAL ASSEMBLY OF THE BAHÁ'ÍS OF ICELAND

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 136 / 44*  
*komudagur. 11. 11. 2008*

6. nóvember 2008

**Nefndarsvið Alþingis**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

*Efni:*

*Umsögn um frumvarp til laga um kirkjugarða,  
greftrun og líkbrennslu, 38. mál, útfarir, útfararþjónustu o.fl.*

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi þakkar að fá tækifæri til umsagnar um frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 38. mál, útfarir, útfararþjónustu o.fl.

Líkt og í fyrri umsögn okkar um þetta efni fögnum við viðleitni til að koma til móts við breyttar aðstæður í samfélaginu svo sem með auknum heimildum til að velja sér legstað og eins með því að afmarkaða reiti í kirkjugörðum fyrir látna sem tilheyra mismunandi trúarbrögðum, sem og óvígðan reit. Í því sambandi vaknar þó sú spurning hvort ekki mætti veita lagaheimild til þess að stofna sjálfstæða grafreiti ólíkra trúfélaga eða annarra, sem ekki tilheyrðu kristinni kirkju.

Enn blasir við að bæði regluverk og málfar einkennist mjög af ráðandi stöðu kirkju og kristni þótt viðbúið sé að mæta þurfi í auknum mæli þörfum fólks úr hvers kyns trúfélögum öðrum, sem og fólki sem stendur utan allra trúfélaga. Heiti sjálfs ráðuneytisins sem kennt er við dóms- og kirkjumál en ekki trúmál er skýrt dæmi um þá aðlögun sem óskandi er að farið verði í við fyrstu hentugleika.

Efnislega er þó ekki að finna í frumvarpinu neinar reglur eða hömlur sem væru til boga varðandi bahá'í útfarir eða greftrun og gæfu okkur tilefni til athugasemda.

Fyrir hönd Andlegs þjóðarráðs bahá'ía á Íslandi,

  
Ingibjörg Daniëlsdóttir, ritari